Reykjavíkurborg
Íþrótta- og tómstundasvið

Reykjavík, 6. maí 2020
2019010018
3.8.11

Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

***Golfklúbbur Brautarholts***

Á fundi menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs 24. júní 2019 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra ÍTR dags. 14. júní 2019 vegna styrkbeiðni Golfklúbbs Brautarholts (GBR) dags. 15. janúar 2019 með ósk um vallar- og leigustyrk.
Jafnframt var lögð fram umsögn ÍBR um erindið.
Málinu var vísað til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar.

Á fundi menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs 25. nóvember 2019 var lagt fram bréf Golfklúbbs Brautarholts með ósk um styrk vegna kaupa á sláttuvél og vegna vallar- og leigustyrks að upphæð 25.0 mkr.
Erindinu var hafnað en samþykkt að óska eftir tillögum frá ÍBR og ÍTR um vallarstyrk til GBR.
Á fundi menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs 13. janúar 2020 mættu fulltrúar GBR á fundinn og gerðu grein fyrir starfsemi og uppbyggingu klúbbsins.

Lagt er til að GBR fái 4.0 mkr. í vallarstyrk á árinu 2020 af húsaleigu- og æfingastyrkjum í gegnum ÍBR.
Þessi tillaga er unnin í samráði við ÍBR.

Ómar Einarsson.

ÍTR
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími 411 5000